

Yfirlýsing frá stjórn Stoða, 30. apríl 2010:

Krafa Tollstjóra um kyrrsetningu eigna Stoða var tekin fyrir hjá Sýslumanninum í Reykjavík í gær. Að beiðni skattrannsóknarstjóra var farið fram á kyrrsetningu eigna að upphæð 650 milljónir króna vegna fyrirhugaðrar endurákvörðunar skatta félagsins vegna rekstaráranna 2005-2007. Stoðir framvísuðu við fyrirtökuna fullnægjandi tryggingum fyrir samsvarandi upphæð í formi reiðufjár, með fyrirvara um lögmæti aðfararinnar. Stoðir munu krefjast þess fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur að kyrrsetningarbeiðninni verði synjað.

Bókhald og skattskil Stoða hafa verið í skoðun hjá skattayfirvöldum í meira en tvö ár en félaginu hafa ekki borist neinar upplýsingar frá skattayfirvöldum um málsatvik eða niðurstöður rannsóknarinnar. Af kyrrsetningarbeiðninni má þó ráða að skattrannsóknarstjóri telji að Stoðir hafi vanframtalið virðisauka-skatt vegna aðkeyptar starfsemi erlendis frá, að mestu frá eigin dótturfélögum erlendis. Stjórn Stoða þykir því rétt að útskýra hvernig virðisaukaskilum félagsins var háttað.

Stoðir (þá FL Group) starfræktu skrifstofur í Kaupmannahöfn og London á árunum 2005-2007, þar sem unnu um 20 starfsmenn sem sinntu erlendum fjárfestingum FL Group. Um rekstur þessara skrifstofa voru stofnuð þarlend dótturfélög, að öllu leyti í eigu móðurfélagsins. Umsvif dótturfélagsins í London, FL Group UK, voru töluverð, sérstaklega á árinu 2007. Rekstur umræddra dótturfélaga var fjármagnaður með þeim hætti að dótturfélögin sendu móðurfélaginu reglulega reikninga fyrir rekstrarkostnaði sínum, sem móðurfélagið gjaldfærði í sínu bókhaldi sem rekstrarkostnað dótturfélaga og greiddi.

Skattrannsóknarstjóri virðist nú hafa komist að þeirri niðurstöðu að félaginu hafi borið að greiða íslenskan virðisaukaskatt af gjaldfærðum kostnaði vegna þjónustu erlendra dótturfélaga.

Vert er að undirstrika að ekki er um það að ræða að stungið hafi verið undan virðisaukaskatti sem innheimtur hafi verið, heldur hafi félagið sjálft átt að reikna þennan skatt og greiða í ríkissjóð, sem sagt bæta virðisaukaskatti ofan á gjaldfærðan kostnað sinn vegna starfsemi erlendu dótturfélaganna.

Í skattareglum segir að ef þjónusta sem keypt er af erlendum aðila er nýtt á Íslandi, beri að reikna og greiða virðisaukaskatt í slíkum tilvikum. Grunnurinn að baki reglunni eru einkum samkeppnis- og samræmissjónarmið. Félagið lét á sínum tíma kanna hvernig fara bæri með þennan rekstrarkostnað. Var það álit skattaráðgjafa félagsins og endurskoðenda að þessi þjónusta varðaði einvörðungu erlendar fjárfestingar félagsins, sem eðlilegt var að vinna erlendis og bæri því ekki að reikna og skila virðisaukaskatti af þjónustunni. Er það í samræmi við skattfrankvæmd undanfarinna ára, og munu vera mörg fordæmi fyrir þeirri frankvæmd.

Ljóst er að mögulegt hefði verið að fara aðrar leiðir varðandi rekstrarkostnað erlendra dótturfélaga sem ekki hefðu skapað vafa varðandi túlkun á virðisaukaskattskilum. T.d. hefði virðisaukaskattur hvergi komið við sögu ef erlendir starfsmenn hefðu verið á launaskrá móðurfélagsins, eða húsaleiga verið greidd beint af móðurfélaginu.

Það er því skoðun stjórnar Stoða að afstaða skattrannsóknarstjóra sé byggð á röngum forsendum. Starfsmenn félagsins töldu skattskil félagsins vera í samræmi við lög og reglur, og stjórnendur voru í góðri trú, sem studd var af álit bókhalds- og

skattasérfræðinga. Að öllum líkindum munu dómstólar kveða upp úr um þessi tæknilegu álita- og túlkunaratriði.

Harkaleg framganga skattayfirvalda

Stjórn Stoða telur að skattayfirvöld hafi gengið afar harkalega fram með kröfu sinni um kyrrsetningu eigna Stoða. Í kyrrsetningarbeiðni er því haldið fram að kyrrsetning eigna sé nauðsynleg þar sem hætta þygi á að eignum verði skotið undan.

Um 80% hlutfjár Stoða er í eigu Glitnis, Arion banka og NBI – Landsbankans. Stjórn Stoða, sem kjörin var í kjölfar yfirtöku lánardrottna á félaginu sl. sumar, er skipuð fulltrúum þessara aðila. Eignir Stoða um sl. áramót námu 33,5 milljörðum króna en skuldir voru 10 milljarðar króna. Eignir Stoða umfram skuldir voru því 23,5 milljarðar króna um sl. áramót og eiginfjárhluftfall um 70%. Skattayfirvöld hafa enga ástæðu til að ætla að félagið eða eigendur þess muni skjóta undan eignum til að komast hjá greiðslu mögulegrar endurálagningar á sköttum.

Jafnframt kemur þessi framganga á óvart í ljósi þess að félagið bíður enn eftir að fá frumskýrslu skattayfirvalda um niðurstöður skattrannsókningarinnar í hendur, svo félagið geti nýtt lögbundinn andmælarétt sinn og lagt mat á þær kröfur sem þar kunna að koma fram.

Eins og áður sagði verður kyrrsetningarbeiðni skattayfirvalda skotið til Héraðsdóms Reykjavíkur þar sem krafist verður synjunar.

F.h. stjórnar Stoða,
Eiríkur Elís Þorláksson
stjórnarformaður.